

Mánudaginn 4. desembermánaðar.
 Nr. 26/1899 Þórður Guðmundsson
 gegn
 Jóni Þórarinssyni
 sem fjárhaldsmanni Elínar og
 Guðrúnar Friðfinnsdætra.

D ó m u r :

Í máli þessu er áfrýjað úrskurði uppkveðnum í skiftarétti Kjósar- og Gullbringusýslu 28. júní þ. á. við skifti á dánar- og félagsbúi Friðfinns sál. Friðfinnssonar á Óttarstöðum og eftirlifandi ekkju hans, nú konu áfrýjanda, Guðfinnu Gísladóttur, sem setið hafði í óskiftu búi eftir fyrri mann sinn um nokkur ár og nú skifti með börnum sínum og hans. Var með úrskurðinum skorið úr ágreiningi milli áfrýjanda fyrir hönd ekkjunnar og hins stefnda, fjárhaldsmanns barnanna, um, hvort 1000 kr., er lagðar höfðu verið af ekkjunni árið 1892 í spari-sjóð undir nafni dætra hennar, skyldu teljast með fjármunum búsins og koma til skifta, eða álitast séreign dætranna. Um þenna ágreining reyndi þó skiftaráðandi eigi, eftir því sem séð verður af mállskjölunum, að koma sættum á með málsþört-unum, áður en hann lagði úrskurð á málið, eins og fyrirskipað er í tilsk. 20. jan. 1797, 10. gr. b., sbr. skiftalög 12. apríl 1878, 38. gr., og verður því ex officio að ómerkja skiftaréttarúrskurðinn og heimvísar málinu til nýrrar og löglegri með-ferðar. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiftaréttarúrskurður á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 11. desembermánaðar.

Nr. 24/1899:

Hið opinbera

gegn

Tönnnes Andreas Asbjörnson.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað í héraði fyrir lögreglu-rétti Barðastrandarsýslu samkvæmt skipun amtsins gegn hinum kærða Tönnnes Andreas Asbjörnson, skipstjóra á fiskigufuskipinu »Muggur«, fyrir brot gegn ákvæðinu í 2. málslíð 1. greinar í lögum 4. nóvbr. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., og var því ráðið til lykta með dómi téðs réttar, uppkveðnum 14. nóvbr. f. á., á þá leið, að kærði var sýknaður í málinu, og málskostnaður allur dæmdur á almannasjóð. Dómi þessum hefir amtmaðurinn í Vesturamtinu skotið til yfirréttarins.

Hinn kærði, sem á heima á Bildudal í Barðastrandarsýslu, var síðastliðið ár skipstjóri á fiskigufuskipinu »Muggur«, sem er eign kaupmanns eða kaupmannafélags á Bildudal, og skrásett sem innlend eign. Hinn 28. aprílmánaðar f. ár fór hann með skipið norður á Ísafjardardjúp, og fisk-